

LÍFIÐ EFTIR VINNU

Langdregið

BISKUP Í VÍGAHUG
REGNBOGANUM

Stuttmyndin Biskup í vígahug hefur yfirbragð skólamyndar, hún er lokaverkefni höfundarins, Steingrims Dúa Mássonar, úr kvikmyndaskóla í Lundúnum. Skólamyndir eru misjafnar eins og aðrar kvikmyndir, þessi hlýtur að skipast í flokk þeirra slökustu. Hún verðskuldar vart annað en felleinkunn. Í kvikmyndaklúbbum fjölbrauta- og menntaskóla hafa sést tilprif sem síst eru lakari.

Myndin er kynnt sem vísindaskáldskapur og líklega hefur verið ætluin að hún yrði hreint einstaklega frumleg, að maður segi ekki frikuð. Það mistekst ansi hrapplega. Ekki eitt augnablik er myndin frumleg eða myndin og aldrei geggið eða skritin. Það er nefnilega ekki sama að láta allt flakka í belg og biðu og að leyfa frjóu ímyndunarafla að ríka. Til þess þarf mikinn aga. Handritið er mestanpart vandráðlegt bull.

Ekki bjargar hin tæknilega hlíð myndarinnar heldur neinu. Kvikmyndataka er slæm, lýsing slæm, hljóðupptaka afleið. Það heyrast varla orðaskil hjá leikurunum, en það skiptir varla máli, því flestir standa þeir sig hörmulega. Kannski hafa þeir ekki vitað sitt rjúkandi ráð.

Myndin er ekki löng, svona 35 mínútur. En á þessum stutta tíma nær hún að verða farskalega langdregin.

Egill Helgason

Hádegi fyrir þá sem sakna mömmu

HÓTEL ÓÐINSVÉ

HELDU KOSTIR: SVOKALLAÐUR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU, NOKKUÐ LIPUR ÞJÓNUSTA OG GARÐSKÁLINN ÞEGAR VEDRIÐ HEGÐAR SÉR SKIKKANLEGA. HELSTU GALLAR: STÖÐNUÐ OG BRASKENND ELDAMENNSKA, ÓFRUMLEGUR MATSEÐILL OG VONDUR INNRI SALUR.

Matsalurinn á Hótel Óðinsvéum er ágætur staður fyrir þá sem vilja tynast. Hótelid er hálfalið uppi í Þingholtum þar sem kynslóðirnar sem aldar eru upp í úthverfunum villast alltaf. En eins og á öllum stöðum sem eru góðir til að tynast á rekst maður alltaf á einhvern sem maður þekkir á Óðinsvéum og er kominn þangað í sömu erindagjörðum.

Fyrir utan möguleika á flóttu undan úthverfólkinu er ágætt að koma á Óðinsvé í hádeginu. Þá er boðið upp á svokallaðan íslenskan heimilismat, sem er sá hluti danska eldhússins sem íslenskur landbúnaður getur staðið undir. Falskur héri, hakkað buff og svo framvegis. Og allt með sultu. Einnig fiskbullur, plökkfiskur og aðrar yfirunnar og -matreiddar gjafir hafsins. Þar sem flestir eru farnir að borða pasta og grænmeti heima hiá sér er heimsókn á Óð-



„Ekki eitt augnablik er myndin frumleg eða myndin og aldrei geggið eða skritin,“ segir Egill Helgason í gagnrýni sinni á Biskup í vígahug.

insvé í hádeginu eins og flassbakk úr bernsku — frá þeim tíma þegar mamma var heima og áður en Jónas Kristjánsson og Sigmar B. Hauksson sögðu eldamennsku hennar stríð á hendur.

Ef menn sakna ekki bernskunnar hafa þeir ef til vill ekki mikið erindi á Óðinsvé. Eldamennskan þar er ekki merkileg. Þrátt fyrir að kokkarnir hafi raðað saman kunnuglegum réttum á seðilinn sinn er það ekki vegna þess að þeir geti eldað þá betur en aðrir. Hugmyndin er sjálfsagt sú að gera öllum til hæfis og eins og alltaf þegar það er reynt verður enginn sérstaklega glaður. Og enginn sérstaklega fúll heldur og til þess er leikurinn gerður. Þeir sem vilja sækja eitthvað annað á veitingastaði en tryggingu fyrir því að verða ekki sérstaklega fúllir ættu því að leita annað.

Matsalnum á Óðinsvéum er skipt í tvennt. Fremri salurinn státar af þunglamalegum veitingahúsa-húsgögnum sem valin hafa verið eftir pöntunarlista. Til að komast í garðskálann þarf að ganga í gegnum fremri salinn og því er hann ónæðissamur, þvert ofan í þau skilaboð sem þung og dökk innréttingin reynir að senda gestunum. Garðskálinn er öllu þægilegri; sérstaklega á vorin og haustin þegar veðrið er fallett séð

út um glugga en lífshættulegt ef menn dvelja lengi utandyra. Þjónustan á Óðinsvéum er kurteis og fumlauð en verður aldrei glæsileg.

Fjórmenningar á Kjarvalsstöðum

ÍRIS FRÍDRÍKSÐÓTTIR, KRISTJÁN STEINGRÍMUR, ÓLAFUR SVEINN GÍSLASON & RAGNAR STEFÁNSON

KJARVALSSTÖÐUM

Í vestursal Kjarvalsstaða sýna fjórir listamenn, þau Iris Friðriksdóttir, Kristján Steingrímur, Ólafur Gíslason og Ragnar Stefánsson. Það var einmitt Ólafur Gíslason sem hlaut Serra-verðlaunin fyrir stuttu, en sjóðurinn var stofnaður að tilhlutan Richard Serra sem er höfundur að útiverkinu í Viðey og skal úthlutað úr honum til ungs, efnilegs og upprennandi skúlpturista. Ólafur uppfyllir þessi skilyrði þægilega. Sýningin er því tilvalið tækifæri til að skoða hvað hann er að fást við.

Það fyrsta sem maður tekur eftir í öllum verkum Ólafs er að þau byggjast upp á hvítmáluðum trékössum, af ólíkum stærðum, en allir eins gerðir. Sumir eru flatar og hanga uppi á vegg eins og málverk, aðrir eru eins og stöplar sem notaðir eru undir verk á sýningum, og þeir minnstu passa í vasa. En hvers konar hlutir eru þetta? Málverk eða skúlptúrar? Lykilorðið að sýningu Ólafs er að finna í titlum að tveimur verkum, „Ígildi“. Kassarnir eru ígildi, sem þýðir væntanlega að þeir séu ígildi listaverka, þ.e.a.s. jafngilda listaverkum eða eru staðenglar fyrir listaverk. Kannski er réttara að tala um að kassarnir séu ígildi listrænna verðmæta eða gæða.

Framhald og meira af gagnrýni á síðu 39.



„Þrátt fyrir að kokkarnir hafi raðað saman kunnuglegum réttum á seðilinn sinn er það ekki vegna þess að þeir geti eldað þá betur en aðrir,“ segir í gagnrýni um matsalinn á Hótel Óðinsvé.



FIMMTUDAGUR

- 18.00 Fjörkálfar.
- 18.30 Kobbi og klíkan.
- 18.55 Tákn málsfréttir.
- 19.00 ★ Auðlegð og ástíður. Áströlsk sápa.
- 19.25 ★ Sókn í stöðutákn. Breskt grín.
- 20.00 Fréttir.
- 20.35 Blóm dagsins. Fjörurafi.
- 20.40 ★ ★ ★ Til bjargar jörðinni. Síðustu forvöð. Í þessum síðasta þætti er athygli beint að einstaklingum sem hafa lagt sitt af mörkum til umhverfisverndar.
- 21.35 ★ ★ Eldhuginn. Framhaldsmyndaflökkur. Þeldökkur lögreglu maður sleppur úr fangelsi og fer að elta bófa.
- 22.25 Nýjasta tækni og vísindi. Sigurður Richter sýnir mynd um brjóstakrabb. Þáttaröð sem mætti alveg missa sín. E
- 23.00 Fréttir.

FÖSTUDAGUR

- 18.00 Sómi kaffeinn.
- 18.30 Barnaeildin. Bresk þáttaröð um lífið á barnaeild á spítala.
- 18.55 Tákn málsfréttir.
- 19.00 Magni mús.
- 19.25 ★ Sækjast sér um líkir.
- 20.00 Fréttir.
- 20.35 Blóm dagsins. Bláberjalyng. En engin ber.
- 20.40 ★ ★ Leiðin til Avonlea. Sara og nágrannarnir.
- 21.30 ★ ★ Matlock. Kántríðsöngvari í gervi lögfræðings.
- 22.20 ★ ★ ★ Atta menn úr leik. *Eight Men Out*. Amerísk, 1988. Mynd sem kemur á óvart. Hún fjallar um stór-hneyksli sem varð 1919 þegar hafnaboltamenn í liði Chicago létu míta sér til að tapa leik í úrslitakeppni. Myndin fangar tíðarandann afbragðsvel, hún er ágætlega leikin og hafnaboltaþriðin eru þannig úr garði gerð að engum þarf að leiðast.

LAUGARDAGUR

- 14.00 Íslenska knattspyrman. Bein útsending frá leik í lokumferð Íslandsmótsins. Ekki fæst uppgefið hver hann verður en saman keppa: Valur og KR, ÍBV og KA, Víkingur og Breiðablik, FH og Fram og Þór og ÍA. Íþróttapátturinn. Logi sýnir of mikið golf.
- 16.00 Múminálfarnir.
- 18.25 Bangsi besta skinn.
- 18.55 Tákn málsfréttir.
- 19.00 ★ Strandverðir. Frekar stæltir strákar, en vart hægt að búast við meiru.
- 20.00 Fréttir.
- 20.35 Lottó.
- 20.40 Blóm dagsins. Melgresi. Það er nóg af því.
- 20.45 Fólkið í landinu. Um heimsins höf í hálfá öld. Illugi Jökullsson spjallar við Jón Steingrímsson skipstjóra.
- 21.10 ★ Hver á að ráða? Næstíðasti þáttur. Við erum að telja.
- 21.35 ★ ★ ★ Ástarraunir. *Crossing Delancy*. Amerísk, 1988. Ansi hreint glúrinn gamanmynd sem er byggð á þekktu leikriti. Ung kona í New York á í ástarsambandi við rithöfund. Amma hennar fær hjónabandsmílara í málið til að finna skárrí eiginmann.
- 23.10 ★ ★ ★ Við dauðans dyr. *Inspector Morse – Dead on Time*. Bresk, 1991. Það er mikið fagnadarefni að sjónvarpið skuli hafa keypt pakka með nýjum myndum um Morse og Lewis aðstoðarmann hans. Hér rannsakar gamli maðurinn lát háskólakennara og vitaskuld flækjast ástamál hans ögn inn í það. Frábært sjónvarpsefni.

SUNNUDAGUR

- 17.50 Sannudagshugvekja. Þórarinn Björnsson guðfræðingur hugleiðir.
- 18.00 Ævintýri úr konungsgarði.
- 18.30 Fyrsta ástin. Ástfanginir sænskir unglingar.
- 18.55 Tákn málsfréttir.
- 19.00 Bernskubrek Tomma og Jenna.
- 19.30 H Vistaskipti. Ömurð.
- 20.00 Fréttir.
- 20.35 Sjö borgir. Sigmar B. í Glasgow — vonandi gleymir hann ekki vísakortinu.
- 21.10 ★ Gangur lífsins. Yfirleitt fellur allt í ljúfa löð að lokum.
- 22.00 Lífandi eftirmyndir Jóhönnu. Bresk spennumynd í tveimur hlutum sem byggð er á sögu Fay Weldon. Eins við er að búast af höfundinum er söguþráðurinn fánalegur í meira lagi: Læknir, sem er skilinn við konu sína, hefur látið gera af henni þrjár lífandi eftirmyndir og ætla að láta þær taka við hlutverki hennar.
- 23.20 Sögumenn. Þáttaröð þar sem sögumenn frá ýms löndum láta móðann mása. Hér eru þættirnir kynntir, en fulltrúar Íslands eru Vilborg Dagbjartsdóttir, Þóður frá Dagverðará og löunn Steinsdóttir. Er þetta góð hugmynd?



LAUGARDAGUR

- 17.00 Undur veraldar. Ókannaðir hlutar eyjunnar Borneo.
- 18.00 Konungabókin. Heimildamynd um fagurlega myndskreyttar bækur frá Perslu.
- 18.30 Edouard Manet. Þáttur um þennan nafntogaða ímpressjónista.

SUNNUDAGUR

- 17.00 Mengun í Norðursjó. Frá sjónarhóli fiskanna. E
- 17.30 Gerð myndarinnar Drowning by Numbers. Þáttur um þessa mynd og leikstjóran, Bretann Peter Greenaway.
- 18.00 Samskipadeildin.

Við mælum með...

Við dauðans dyr. *Inspector Morse – Dead on Time*. Bresk, 1991. Það er mikið fagnadarefni að sjónvarpið skuli hafa keypt pakka með nýjum myndum um Morse og Lewis aðstoðarmann hans. Hér rannsakar gamli maðurinn lát háskólakennara og vitaskuld flækjast ástamál hans ögn inn í það. ★ ★ ★



FIMMTUDAGUR

- 16.45 Nágrannar.
- 17.30 Með afa. Örn Árnason og skrípó. E
- 19.19
- 20.15 Eiríkur. Eiríkur Jónsson þarf ekki lengur að vakna á morgnana. Spurning hvort hann verður jafnóþýrleitinn í sjónvarpi og í útvarpi?
- 20.30 ★ ★ Fótballiðsýran. Lið sem á erfitt uppdrátt.
- 21.25 Áttarveldið. Þriðji og síðasti hluti framhaldsmyndar sem gerð er eftir metsölubókum Jackie Collins. Sápa, kynlíf og sápa.
- 23.00 ★ Draugabannar II. *Ghostbusters II*. Amerísk, 1989. Fyrri draugabannamyndin var frábærlega skemmtileg og frumleg, þessi er næstum alveg mislukkuð. Því miður. Brandarnir eru ófyndnir, draugarnir leiðinlegir, draugabannarnir daufr, en Sigourney Weaver fögur. E

FÖSTUDAGUR

- 16.45 Nágrannar.
- 17.30 Á skotskónum. Teiknimynd um stráka í fótbolta.
- 17.50 Á ferð með New Kids on the Block.
- 18.15 Trýni og Gosi.
- 18.30 Eerie Indiana. E
- 19.19
- 20.15 Eiríkur. Jónsson.
- 20.30 H Kæri Jón.
- 21.00 ★ ★ Lovejoy. Síðasti þátturinn um formunasalann kærulauða.
- 21.55 ★ ★ Skóladagar. *School Daze*. Amerísk, 1988. Leikstjórnin Spike Lee hefur ekki misstigið sig alvarlega síðan hann varð snögglega frægur fyrir rúmum firm árum. Þessi mynd, sem fjallar um líf í háskóla fyrir svört ungmenni, hlýtur þó að teljast lánlausta verk hans. Í aðra röndina er hann að hætta að unglíngamyndum sem tröllíðu öllu á þessum tíma, en í hina röndina er hann að gera ofurvenjulega unglíngamynd.
- 23.55 ★ ★ Stríðsögnir. *Casualties of War*. Amerísk, 1989. Brian de Palma þurfti líka að gera Vietnam-mynd, eins og allir hinir. Að flestu leyti er henni þó ofaukið þessari mynd, sem fjallar á hrottafenginginn hátt um deild bandarískra hermanna sem tekur innfædda stúlku höndum og hefur hana til að gagnast dátunum, enda var hún engum til framdráttar sem tók þátt í gerð hennar. Michael J. Fox og Sean Penn ofleika báðir.
- 01.50 ★ ★ Skammhlaup. *Pulse*. Amerísk, 1988. Ekki afleitur vísindaskáldskapur. Heimilistækin fara að hegða sér undarlega. E

LAUGARDAGUR

- 09.00 Með afa. Örn Árnason spilar á gítar
- 10.30 Lisa í Undralandi. Teiknimyndaflokkur.
- 10.50 Spékoppar. Teiknimyndaflokkur.
- 11.15 Ein af strákunum.
- 11.35 Mánaskífan.
- 12.00 Landkönnun National Geographic.
- 12.55 Bilasport. E
- 13.25 Visasport. E
- 13.55 Samskipadeildin. Síðasta umferð Íslandsmótsins í fótbolta. Leiðir sem geta skipt máli í baráttunni á toppi og botni.
- 16.00 David Frost ræðir við Warren Beatty. Hefur kvennabósinn frægi sofið hjá þrjú þúsund konum eða eru þær bara þúsund? Þetta viljum við vita. E
- 17.00 ★ Glys. Sápuopera.
- 17.50 Létt og ljúffengt. Matur.
- 18.00 Popp og kók. Um popp og bíó.
- 18.40 ★ ★ Addams- fjölskyldan.
- 19.19
- 20.00 ★ ★ Morðgáta. Þínúlitíð eru þeir farnir að verða þreytandi þessir þættir og alveg er Angela Lansbury máttulega aðlaðandi.
- 20.45 ★ ★ Stanley og Íris. *Stanley and Iris*. Amerísk, 1990. Við og við neyðast stórstjórnur af sauðahúsi Roberts de Niro til að leika í væmnum vandamálamyndum eins og þessari sem fjallar um einmana og hrakði fólk sem sameinast um lestrarkennslu. Jane Fonda leikur móti de Niro. Ágætlega gert, en samt óhuga-
- 22.30 Kóka kóla-rokk. Bein útsending frá verksmiðju Vífílfells. Þar leika Sálín, Síðan skein sól, Júpíters, Þúsund andlit, Todmobile, Bubbi Morthens, Jet Black Joe, Kolrassa krókröðandi og KK-bandíð — allt í telfni af því að það eru fimmtíu ár síðan þeir fóru að framleiða kóka á Íslandi. Auðvitað var það fylgiskur stríðsins og Kanans.
- 01.00 ★ ★ Leyfið afturkallað. *Licence to Kill*. Bresk/bandarísk, 1989. Frekar reyndist nú Timothy Dalton fúll James Bond. E

SUNNUDAGUR

- 09.00 Kormákur.
- 09.10 Regnboga-Birta.
- 09.20 Össi og Ylfa.
- 09.45 Dvergurinn Davíð.
- 10.10 Prins Vallant.
- 10.35 Marianna fyrsta.
- 11.00 Lögregluhundurinn Kelly.
- 11.30 Í dýraleit.
- 12.00 ★ ★ Grjótgarðar. *Gardens of Stone*. Amerísk, 1988. Coppola hefði átt að láta Apocalypse Now nægja. Með þessari mynd sem tengist Vietnamstríðinu auglýsti hann eigin hugmyndafátekt. Samt vel leikin. E
- 13.55 Ítalski boltinn. Bein útsending. Besti fótballi í heimi.
- 15.45 Paul McCartney. Heimildamynd um mikla tónleikaferð sem bitillinn fór árið 1990. E
- 17.00 Listamannaskálinn. Þýska tónskáldið Paul Hindemith. Atli Heimir telst vist til nemenda hans. E
- 18.00 Lögmál listarinnar. Breskur myndaflokkur um fólk sem á peninga til að kaupa sér list.
- 18.50 ★ ★ ★ Kalli kanína og félagar. Ekta amerískt skrípó.
- 19.19
- 20.00 ★ Klassípiur. Leiðinlegar, ljótar og vitlausar amerískar kerlingar.
- 20.25 ★ ★ Root fer á flakk. Breskur gamanmyndaflokkur.
- 21.20 Ólagasaga. *Fine Things*. Amerísk.
- 22.55 ★ ★ Arsenio Hall.
- 23.40 ★ ★ Peggy Sue gifti sig. *Peggy Sue Got Married*. Amerísk, 1986. Coppola aftur. Polanlega skemmtileg mynd og stundum frekar snjöll, þótt líklega verði að telja hana enn eitt merkið um það hversu Coppola er útbrunninn. Kathleen Turner er of gömul fyrir hlutverkið og Nicholas Cage er ópolandi að vanda. E